

VATNSHOLT 2 í Flóahreppi


HRÚTHOLT

Íbúðarhús, landbúnaðarbýli, útihús o.fl. á Hrútholti í landi Vatnsholts 2 í Flóahreppi
22. júní 2018

Lýsing fyrir deiliskipulag fyrirhugaðs landbúnaðarsvæðis í samræmi við 40. gr.
skipulagslaga nr. 123/2010.

Lýsing skiptist í

1. Stærð og afmörkun svæðis
2. Lýsing staðhátta og byggðar
3. Forsendur
4. Aðalskipulag
5. Ferli verkefnisins



Loftmynd af svæðinu (Loftmyndir ehf)

1. Stærð og afmörkun svæðis


Hrútholt tilheyrir jörðinni Vatnsholt 2 og er 37,70 ha að stærð. Skipulagssvæðið afmarkast af Villingaholtssvegi af að norðran, Vatnsholtssvegi að austan, Vatnsholti I og III að sunnan og Ipruholti að vestan.

2. Lýsing staðhátta og byggðar

Vestan til á landinu er hæð og frá henni hallar landið til austurs. Landið er mói og tún, í um 35 m.h.y.s. Engin mannvirki eru á svæðinu.

3. Forsendur:

Á vesturhluta svæðisins, á um 14 ha að lands, er ráðgert að skipuleggja 15 íbúðahúsalóðir, en á eystri hluta svæðisins, sem er um 23,7 ha að stærð, er gert ráð fyrir landbúnaðarbyli, ásamt útihúsi. Er þetta gert til að koma til móts við vaxandi eftirspurn þeirra sem vilja setjast að og starfa á svæðinu.



Aðalskipulag Flóahrepps 2006-2018, í fyrrum Villingaholtshreppi, staðfest 19. febrúar 2011

4. Aðalskipulag

Í aðalskipulagi Flóahrepps 2006-2018, í fyrrum Villingaholtshreppi, staðfest 19. febrúar 2011 m.s.br. er skipulagssvæðið skilgreint sem landbúnaðarland og blönduð íbúðabyggð og landbúnaður.

Í kafla 6.0 landbúnaðarsvæði segir að á landbúnaðarsvæðum skuli fyrst og fremst gera ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri á viðkomandi jörð. Í aðalskipulagi er svæði þetta einnig merkt Í4, þar sem m. a. gert er ráð fyrir 10 - 15 íbúðarlóðum.

4. Skipulagsferli - kynning og samráð

Það er í höndum sveitarstjórnar að ákveða hve viðtækt kynningaferlið skal vera.